

Hofsstaðir

Garðabæjarlandið - Staðan 3. mars 2022

Sýningar-arkitektúr: HÚM + Skala:arkitektar

Mars
2022

Gagarín
www.gagarin.is



HÚM í samstarfi
við Skala:arkitekta

Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.03 2026

Garðbæjarlandið – Rýmið í dag



Garðbæjarlandið – Rýmið í dag



Kostir og áskoranir

Unnið er með þetta skemmtilega rými sem afmarkast af rampinum af torginu og upp á efri hæðina. Það býður upp á óvænta upplifun að velja þetta rými - það hefur skýrt hringform sem við komum til með að notfæra okkur og það býður upp á möguleikann á að skerma birtuna að einhverju leiti til að upplifun af atriðinu verði sterkari. Þá hefur torgið þann kost að það er mitt á milli að vera innirými og útirými sem styður vel við tenginguna frá þessum upphafspunkti og eftir ferðalaginu að Hofsstöðum.

Áskoranir sem fylgja því að nota þetta rými er að lofthæðin er takmörkuð sem þýðir að finna verður skapandi lausnir fyrir myndvörpun. Þá er einnig möguleiki á talsvert meiri raka í rýminu m.v. inniloft sem þýðir að huga verður vel að tæknibúnaði og tryggja að allt efnisval þoli slíkar sveiflur. Í síðasta lagi er hljóðvist erfið í þessu rými m.t.t. miðlunar.

Garðbæjarlandið – Rýmið í heild

Um rýmið

Rýminu verður lokað með glerlokunarkerfi þar sem reyklitað/hálfgegnsett gler er rammað af í dökkan fingerðan ramma. Ristar eru ofan og/eða neðan við glerfleti til að hleypa inn lofti.


Rýmið verður hálförökkvað til að birta frá skjá/vörpun njóti sín sem best og kösturum verður beint að mikilvægum atriðum. Birta frá skjá sést á stöku stað í gegnum hálfgegnsett glerið.

Bekkir eða tröllatröppur bjóða gesti að staldra við.


Stýring í formi mylluhjóls verður á borði sem einnig hýsir myndvarpa (form borðs í vinnslu).

Reiknað er með að gólfefni haldi sér til að mynda tengingu við umhverfið.

Reiknað er með að hljóðvistarefni þurfi í loft, amk að hluta til.



Garðbæjarlandið – Rýmið í heild - þrívíddarskissa




Garðbæjarlandið – Glerveggjakerfi

Um rýmið

Rýminu verður lokað með glerlokunarkerfi þar sem reyklitað/hálfgegnsætt gler er rammað af í dökkkan fingerðan ramma.

Ristar eru ofan við glerfleti til að hleypa inn lofti.



Garðbæjarlandið – Stýring: myllusteinn

Um stýringuna

Atriðinu er stýrt með því að snúa myllusteini, við það stjórnar gesturinn hraðanum sjálfur.


Hugmyndin er að myllusteinninn sé samsettur úr tveimur steinhellum, t.d. hraunhellum þar sem efri hellunni er snúið með handfangi.

Handfangið er úr pólýhúðuðu stáli með grófri metalískri áferð.



Möguleg útfærsla á mynstri -
spíral formið ljær
myllusteininum mystík.


Garðbæjarlandið – Stýring: myllusteinninn



Myllusteinninn

Gesturinn stýrir hraða frásagnarinnar með því að snúa myllusteininum.

Neðri hlutinn er dökklakkað/pólýhúðað stál.



Garðbæjarlandið – *Bekkir*

Bekkir/tröllatröppur

Í rýminu nýtast tröllatröppur bæði sem sæti og sem upphækkun og minnir ögn á “amphitheater”..

Frumhönnun gerir ráð fyrir að tröppurnar sveigi sig eftir formi rýmisins - sem hentar vel fyrir áhorfendur sem fræðast saman í hóp.

Unnið er að því að finna leiðir til að útfæra tröppurnar í einingum og léttu þær til að spara efnisnotkun og minnka kostnað sem mest án þess að missa sjónar á áhrifum atriðisins.

Frumhönnun gerir ráð fyrir dökkri steypu og grábæsuðum harðviði. Þetta gefur tilfinningu fyrir útisvæði sem tengir þetta rými við ferðalagið að Hofsstöðum.



Garðbæjarlandið – Vörpunarflötur



Vörpunarflötur

Vörpunarflötur fyrir skjávarpann á léttri grind sem fest er á steypa veggina.


Myndefni í vörpuninni er stýrt með "tímahjóli" í formi myllusteins.

Garðbæjarlandið – Skjávarpi

Innbyggður skjávarpi

Skjávarpinn er í sérsmíðuðu tæknilegu boxi sem ver hann fyrir hitabreytingum og raka.

Utan um það box verður sívalninslaga form í dökkum lit. Neðan í þessu formi er stálnet með einangrun og eru innfelldir kastarar sem varpa lýsingu á myllusteininn sem er stýringin fyrir vörpunina.



Garðbæjarlandið – Hljóðvist

Hljóðdempun

Það er hætt á að það skapist slæm hljóðvist í rýminu þar sem allir fletir eru harðir og teljum við það mjög mikilvægt að reikna strax með því að setja þurfi upp hljóðfleka í loftið. Líklega þarf ekki að setja fleka í allt loftið og nota mætti hljóðflekana í dökkum lit til að ramma rýmið enn frekar inn eins og sjá má á þrívíddarmyndinni hér til hliðar.

Til eru lausnir sem henta rýmum með háu rakastigi eins og getur orðið þarna á torginu og koma í nokkrum litum og útfærslum. Reiknað er með lausn sem límd er beint upp í steipta plötuna og er grá á litinn.

Ekki er gerð ráð fyrir hátölurum eða slíku sem gefur frá sér hljóð í tengslum við þennan sýningarhluta.

